

**Nd.**

## **92. Frumvarp**

til laga um kartöflukjallara og markaðsskála.

Frá landbúnaðarnefnd.

### **1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa á lóð rikissjóðs á hentugum stað í Reykjavík kjallara til öruggrar geymslu á kartöflum, sem framleiddar eru í landinu og ætlaðar til sölu innanlands, og sé stærð kjallarans ákveðin með hliðsjón af því, að hann rúmi allt að 6000 tonn.

Ennfremur er stjórninni heimilt að láta reisa ofan á kjallaranum skála með hæfilegum umbúnaði til þess að þar geti farið fram, þegar ástæður leyfa, sala með markaðssniði á íslenskum afurðum.

Til þess að reisa byggingar þessar má verja allt að 40000 kr.

### **2. gr.**

Þegar kartöflukjallarinn er fullgerður, skal hann leigður til þeirra nota, sem segir í 1. gr., íslenskum kartöfluframleiðendum og þeim, er verzla með íslenskar kartöflur.

### 3. gr.

Þegar markaðsskálinn er fullgerður, skal leigja hann þeim einstaklingum eða félögum, sem vilja selja þar eða láta selja íslenzkar afurðir, þær sem hagkvæmt þykir að hafa á boðstólum á þann hátt.

### 4. gr.

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, nánari ákvæði um notkun og starfrækslu bygginga þessara, hvorrar um sig, og semur um leigu fyrir afnot þeirra.

### 5. gr.

Byggingar þessar er stjórninni heimilt að selja, rikissjóði að skaðlausu, samlagi eða samvinnufélagi kartöfluframleiðenda og þeirra, er verzla með innlendar kartöflur, ef slíkur félagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er rikisstjórnin metur gildar, en þá skal sala markaðsskálans bundin því skilyrði, að eigendur íslenzkra framleiðsluvara, þótt eigi séu í slíkum félagsskap, megi hafa þar vörur sínar á boðstólum, að því leyti sem rúm leyfir, með leigumála, er atvinnumálaráðherra samþykkir.

### 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Ákvæði til bráðabirgða:

Á meðan ekki verður við komið að byggja kjallara þann, sem um getur í lögum þessum, er rikisstjórninni heimilt að taka á leigu hús eða kjallara, sem hæft er til þessara afnota, og láta útbúa það eins og nauðsyn krefur vegna geymslunnar.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta er kunnugt frá síðasta þingi. Síðan hefir það legið fyrir Búnaðarfélagi Íslands og búnaðarþingi og fengið þar ákveðin meðmæli til Alþingis. Hefir landbúnaðarnefnd verið heðin að flytja málið og hún fallizt á það.

Frá búnaðarþinginu fylgdi frumv. eftirfarandi greinargerð:

„Atvinnumálaráðuneytið hefir síðastl. haust leitað álits Búnaðarfélags Íslands um frumvarp það til laga um kartöflukjallara og markaðsskála, sem lá fyrir síðasta þingi og stjórninni samkvæmt þingsályktunartillögu frá neðri deild var falið að leggja fyrir næsta þing. Búnaðarfélagið fól þeim Bjarna Ásgeirssyni og Pálma Einarssyni athugun málsins, og fer álit þeirra hér á eftir.

Fluttar eru til landsins ýmsar þeirra landbúnaðarafurða, sem framleiddar eru í landinu sjálfu. Ein þeirra framleiðsluafurða eru kartöflur. Á árunum 1925—1930 er innflutningur þeirra:

1925	.....	23290	tn.
1926	.....	21300	—
1927	.....	20930	—
1928	.....	17780	—
1929	.....	18640	—
Meðaltal 5 ára		20388	—

Á sama tíma er meðaluppskera í landinu af kartöflum 38400 tn. Það er því flutt inn um  $\frac{1}{3}$  hluti þess, sem nú er notað af vörutegund þessari. Ræktun kartafna hefir að visu aukizt, en þó alls ekki svo sem búast mátti við, samanborið við aðra framleiðslu landbúnaðarins. Þannig er framleiðsluaukningin á 10 ára bilinu 1920—1930 aðeins 9 þúsund tn., og hin næstu 10 ár þar á undan, eða frá 1910—20, aðeins 2600 tn.

Með þessum seinagangi er þess vart að vænta, að fyrr en eftir 20 ár verði aflað í landinu þess vörumagns, er telja verður lágmarksneyzlu af þessari fæðutegund.

Nú ber þess að gæta, að vér notum af kartöflum aðeins  $\frac{1}{2}$ — $\frac{1}{4}$  hluta þess, er aðrar menningarþjóðir telja meðalneyzlu á mann, en notum í þess stað aðrar dýrari vörutegundir.

Þetta tvennt, hin hagsmunalega þýðing aukinnar neyzlu kartafna í landinu og sú þjóðarnauðsyn, að eigi sé greitt fé út úr landinu fyrir þær vörur, sem þjóðin getur auðveldlega framleitt sjálf, ætti að vera næg ástæða til, að með opinberri tilhlutun sé stuðlað til framleiðsluaukningar á þessari búsafurð.

Hin síðustu ár hefir meðalverð innfluttra kartafna samkvæmt hagskýrslunum verið 18 kr. pr. tn. Sé innflutningurinn reiknaður með fyrrnefndu meðaltali árána 1925—1930, greiddi landið árlega 367 þúsund krónur fyrir aðflutt jarðepli.

Yrði neyzlan aukin frá því, sem nú er, hlutfallslega um  $\frac{1}{4}$ ,  $\frac{1}{2}$  eða  $\frac{3}{4}$ , þannig að náð yrði erlendri meðalneyzlu, en uppskerumagn stæði í stað, þá yrði innflutningur reiknaður eftir meðalinnflutningsverði 1930—31 þessi:

Neyzluaukning.	Innfl.þörf, tn.	Áætlað verð kr.
0	21000	378000
$\frac{1}{4}$	34000	612000
$\frac{1}{2}$	45000	810000
$\frac{3}{4}$	58000	1044000

Eigi er neinum vafa bundið, að slík neyzluaukning kartafna væri í alla staði holl og hagfræðilega réttmæt, sérstaklega þó ef hún er byggð á innlendri framleiðslu.

Ástæður fyrir því, að kartöfluframleiðslan eykst tiltölulega lítið, byggjast meðal annars á því, að á sama tíma sem íslensk uppskera kemur á markaðinn, þá er erlendum kartöflum fleygt inn á hann í kaптúnum landsins, með mjög lágu verði í tvo til þrjá haustmánuðina, en það er unnið upp aftur í hækkuðu verði innfluttra kartafna aðra tíma árs.

Fæstir framleiðendur hér hafa aðstöðu til að geyma kartöflur sínar til þess tíma, er verð hækkar aftur, enda oft síðari hluta vetrar eigi hægt að koma þeim frá framleiðslustað til sölustaðar, vegna samgönguörðugleika.

Hinsvegjar má fullyrða, eftir þeirri útbreiðslu, sem kartöfluræktin nú hefir í landinu, að í öllum sveitum sunnanlands og á suðvesturlandi mega telja kartöfluuppskeruna árvissa, sömuleiðis allárvissa í hinum betri sveitum norðan- og austanlands, þó þar megi búast við, að komið geti ár, þar sem árferði veldur uppskerubresti.

Nú má öllum vera ljóst, á þeim tímum sem yfir standa, að það er sérstök nauðsyn, bæði fyrir bændurna sjálfa og þjóðina í heild, að efla kartöfluframleiðsluna, eins og annara afurða, sem þjóðin getur framleitt og þarf að nota. Má telja skyldu löggjafarvaldsins að styðja þá starfsemi eftir ýtrustu getu.

Einn liður í þeirri aðstoð, sem löggjafarvaldið getur veitt, er það, sem hér er farið fram á, að koma upp öruggri geymslu fyrir framleiðsluna á aðalmarkaðsstað landsins, og ætti að geta verið bæði í þágu framleiðenda og neytenda.

Þó það sé augljóst, að þörfin sé mest í Reykjavík, þar sem innflutningur til neyzlu í borginni er nú um 14500 tn. til viðbótar við innlenda framleiðslu selda þar, þá verður hins ekki dulizt, að allmikil þörf muni vera fyrir slíka geymslustaði víðar í kaupstöðum landsins, þó í smærri stíl sé, og ættu þeir þá rétt til nokkurs stuðnings í sama tilgangi. Fram úr því mætti ráða á þann hátt, að veittur væri með nýju ákvæði í jarðræktarlögunum styrkur til byggingar þesskonar geymslustaða, á svipaðan hátt og nú er til áburðarhúsa og hlöðubygginga. Verði sú stefna upp tekin, sem vér teljum á allan hátt æskilegt, má gera ráð fyrir, að smærri geymslustaðir risi upp í sambandi við aðalræktunarstöðvarnar, þar sem kartöflur yrðu geymdar fram eftir vetrinum, með því að skemmdahætta yrði þar takmarkaðri en þar, sem meira er saman komið á einum stað. Af þeim ástæðum teljum vér, að nægja muni að ætla kjallaranum að rúma 6000 tn., í stað 10000, sem áætlað er í áðurnefndu frumvarpi. Jóhann Kristjánsson byggingameistari hefir gert teikningu og kostnaðaráætlun yfir kjallara af þessari stærð, og áætlað kostnaðinn kr. 65000.00.

Vér teljum sömuleiðis æskilegt, að í sambandi við kjallara þennan væri komið upp markaðsskála fyrir sölu innlendra afurða. Þesskonar skálar eru endur fyrir löngu reistir í öllum helztu borgum álfunnar, til mikils hagræðis bæði fyrir framleiðendur og neytendur. Eykst nú með hverju árinu þörf fyrir slíkan sölustað í Reykjavík, eftir því sem borgin stækkar og framleiðsla og neyzla eykst, meðal annars á garðávöxtum og grænmeti, og er nauðsynin því brýnni hér en annarsstaðar, sem veðráttá hér er óstöðugri og kaldari, svo þesskonar verzlun er oft útilokuð undir berum himni, sem þó tíðkast daglega erlendis. Í slíkum skála myndi einnig hentugur sölustaður fyrir aðrar matvöruhegundir, svo sem fisk og fleira.

Ákvæðum til bráðabirgða leggjum vér til, að bætt sé inn í, með hliðsjón af því, að nokkurn tíma getur tekið að koma byggingunni upp, en vér teljum svo mikla nauðsyn að hraða þessu máli, að vér álitum, að það þoli enga bið, en hugsazt gæti, að bygging tefðist af einum eða öðrum ástæðum.

Að öðru leyti en hér hefir verið bent á álitum vér, að frumvarp það, sem lá fyrir síðasta þingi, þurfi eigi breytinga við“.